

Fundur foreldrafélags Varmárskóla 7. nóvember 2017 kl. 19:45 – 21:45

Mættir: Elín María Jónsdóttir, Elísabet Jónsdóttir, Jón Þór Ragnarsson, Óðinn Pétur Vigfússon, Sigríður Ingólfssdóttir, Sigrún Huld Auðunsdóttir, Þórunna Rósa Ólafsdóttir og Þórunn M. Óðinsdóttir. Björk Einisdóttir og Þórhildur Elfarsdóttir voru vant við látnar og komust ekki á fundinn.

Viðfangsefni fundar:

1) Staða verkefna í vinnslu:

Plan (undirbúningur verkefnis, upplýsingagjöf)	Do (Innleiðing eða framkvæmd verkefnis)	Check / Act (Staða tekin og smærri atriði aðlöguð)	Verklok (upplýsingagjöf, frágangur, mögulega fagnað árangri)
		Rýna mögulega þróun á FGMos (Beta og Þórunn) Verklok: ótímasett	
			Virkja bekkjarfulltrúa: 10. ágúst – 1. okt
Halda jólabingó Varmárskóla 12. okt – 10. Des (Árný, Elín, Jón Þór)			
Forvarnir gegn veipnotkun nemenda (skólastjórnendur)			

Upplýst um góðan auka-aðalfund FGMOS í þarsíðustu viku þar sem unnið var að umbótum á lagabreytingatillögum og þær samþykktar. Sagt frá hversu mikilvægur fundarmönnum fannst þessi sameiginlegi vettvangur foreldrafélaga grunnskóla bæjarins vera til að auka samvinnu þeirra á milli og til að læra hvort af öðru, bæði því sem gengur vel og einnig því sem mætti ganga betur. Skipti stjórn með sér verkum á þann hátt að hlutverkum var skipt á milli skólanna, Lágafellsskóli tók að sér setu í fræðslunefnd og Krikaskóli tók að sér setu í fulltrúaráði Heimili og skóla.

Rætt að það eina sem er eftir af verkefninu að virkja bekkjarfulltrúa er að vista leiðbeiningar fyrir bekkjarfulltrúa á heimasíðu og hugmyndabankann sem varð til á bekkjarfulltrúafundunum. Rætt um að taka fyrir á næsta fundi stjórnar til umræðu og Sigríður sér svo um að koma þessu til skólans til að setja inn á heimasíðu skólans. Skólinn bauðst til að breyta uppsetningunni á foreldrafélagshlutanum á heimasíðunni ef það myndi henta betur og verður gaman að sjá í framhaldinu hver þróunin verður.

Upp úr umræðum að vista á heimasíðuna spunnust upp umræður um hvort erlendir forráðamenn í skólanum sem skilja ekki íslensku geti leitað sér að upplýsingum á heimasíðu skólans. Skólinn upplýsti um að á heimasíðunni væri hægt að nýta google translate og hefði það nýst vel. Einnig upplýsti skólinn um að þegar erlendir nemendur koma í skólann sem skilja ekki íslensku að þá er haldinn móttökufundur og unnið með þá áfram og lærdómur hefur verið dreginn erlendis frá um hvernig best sé staðið að móttökunni. Í dag eru um 6 nemendur í skólanum í þessum sporum, allt nemendur í yngri deild.

Ákveðið að halda jólabingíóð laugardaginn 2. des á svipuðum tíma dagsins og áður. Skólinn upplýsti um að það væri enginn viðburður sem þau vissu um sem myndi rekast á þessa dagsetningu á vegum skólans og staðfesting var fengin að stærstu viðburðir í Aftureldingu s.s. fimleikasýningin væri ekki á sama tíma. Ákveðið að bjóða 10. bekknum að sjá um kaffisöluna eins og í fyrra og ætlar Þóranna að tala við Hönnu í skólanum um að sjá um það og gott væri að hafa sjoppuna niðri eins og síðast. Þóranna lætur einnig bingóhópin vita hvort salurinn sé ekki örugglega laus. Rætt um að foreldrafélagið kaupir alltaf einhverja tugi bingóspjalda í Spilavinum fyrir bingíóð þar sem spjöldin úreldast og venjulega eru fengin fleiri spjöld lánuð frá Lágafellsskóla.

2) Framhaldsumræður um það alvarlega áhyggjuefni sem rætt var á síðasta fundi um forvarnir, veip og hvort eitthvað hafi þokast í rétta átt eftir fræðslufundi með Magga Stef. Skólinn upplýsti um að því miður væri ennþá mikil veip notkun í gangi. Vangaveltur frá skólanum hvort við í foreldrafélaginu gætum beitt okkur fyrir að taka fyrir veip sölu í Mosfellsbæ. Vangaveltur um að stinga upp á við skólaskrifstofuna að taka viðfangsefnið fyrir á einum af reglubundnu fræðslufundum vetrarins. Skólinn upplýsti að bannað er að veipa í skólanum og sömu viðurlög eru við veipreykingum eins og við reykingum á sigarettum. Skólanum hrósað mikið fyrir að setja veip undir sömu reglur og sigarettur. Ákveðið að foreldrafélagið taki þetta upp í SAMMOS og þar verði ákveðið í sameiningu hvað viljum gera. Skólanum hrósað fyrir orð skólastjóra á forvarnarkynningunni hjá Magga Stef að ef skólinn telur minnsta grun um veipreykingar nemenda þá er haft samband við foreldra og þeir upplýstir um gruninn til að foreldrar hafi möguleikann á að grípa inn í ef eitthvað er.

3) Í lok síðasta skólaárs var ákveðið að prófa að foreldrafélagið og skólastjórnendur myndu funda saman mánaðarlega, foreldrafélagið myndi funda eftir þörfum þess á milli og svo yrði fyrirkomulagið rýnt þegar einhver reynsla væri komin á það. Rýni var fengin frá skólastjórnendum á þeirra upplifun á þessu fyrirkomulagi og upplýstu þeir að þessir fundir með foreldrafélaginu skipta skólastjórnendur miklu máli, sérstaklega í ljósi þess að skólinn er í uppbyggingafasa og nemendum hefur fjölgað um 13% frá síðasta skólaári. Skólastjórnendur ræddu hversu dýrmætt væri fyrir skólann að hafa þetta bakland að leita til, eiga í þessum afslöppuðu og jákvæðu samskiptum við foreldrafélagið og mikilvægi þess að hittast reglulega þar sem þeir fengju alltaf góða punkta frá hverjum fundi til að vinna áfram með. Töldu þeir nauðsynlegt að hittast mánaðarlega og fyrirkomulagið að hittast annan hvort fund að morgni til þar sem deildarstjórar ættu auðveldara með að komast og hinn hvort að kvöldi þar sem auðveldara er fyrir skólastjórnendur að koma hentaði vel.

Hugmynd kom frá skólastjórnendum hvort hægt væri að virkja foreldra í gegnum foreldrafélagið að koma stuttlega í heimsókn í bekki og segja frá störfum eða sérþekkingu sinni, til að efla tengsl nemenda við atvinnulífið og víkka sjóndeildarhring þeirra. Og um leið efla tengsl foreldra við skólann. Þetta hefur verið gert í öðrum skólum með góðum árangri.

5) Málefni frá skólanum

Skólastjórnendur sögðu frá Skólamálaþingi sem þeir sátu í gær (8. nóv) þar sem fjallað var um af hverju gengur erfiðlega að fá kennara í kennaranám og til kennslu. Sagt dæmi frá Seljaskóla sem fór í ímyndarvinnu og fékk fjöldamargar umsóknir kennara í framhaldinu. Skólastjórnendur upplýstu um að þá langi til að fara markvisst í einhvers konar ímyndarvinnu til að upplýsa um allt hið góða starf sem fer fram í skólanum, bæði með það að markmiði að upplýsa skólasamfélagið enn betur um starf skólans og einnig til að auka líkurnar á að fá verulega hæfa kennara til starfa í þessari miklu stækkun sem nú á sér stað. Rætt um að mögulega væri hægt að kalla eftir aðstoð foreldra til verksins því ótrúlega margt jákvætt væri við skólann og hans sérstöðu.

Skólastjórnendur sögðu þær frábæru fréttir að búið væri að leysa langþráð verkefni um aðgengi fyrir fatlaða í eldri deild skólans. Búið er að breyta salerni, verið væri að bíða eftir hurð sem kemur í viku 47 og verið væri að bíða eftir iðnaðarmönnum til að setja upp ramp við neyðarútgang.

Umræður spunnust upp um skólaaksturinn og skólastjórnendur upplýstu að skólaaksturinn er á vegum skólaskrifstofu en ekki skólans en skólaskrifstofan hefði beðið skólann um að vera í samskiptum við foreldra vegna akstursins. Rætt var að í fyrra var rúta í Leirvogstungu þar sem lagt er upp með að allir sitji í skólabílnum en í ár er strætó sem gengur í Leirvogstunguna og gilda því aðrar reglur en í fyrra um hámarksfjölda nemenda í skólabílnum í þessu hverfi. Skólastjórnendur upplýstu að skólinn skipuleggur og greiðir fyrir viðveru starfsmanna í skólabílum seinnipartinn þar sem hægt væri að manna gæslu og hrósaði foreldrafélagið skólanum fyrir að leggja fjármuni í það, þrátt fyrir að aksturinn væri ekki á vegum skólans.

Umræður um hversu áberandi er hvað krakkarnir sjást illa í umferðinni þegar dimmt er úti og hafa skólastjórnendur áhyggjur af því að slys gæti orðið. Skólinn ætlar í framhaldinu að senda póst til foreldra og minna á endurskinsmerkin auk þess að minna á notkun hjálma á vespum og hætta sé af vespum á göngustígum fyrir aðra nemendur.

Umræður um skólaráðið og upplýstu skólastjórnendur að búið er að velja í skólaráðið af hendi skólans, enginn aðili frá Brúarlandi sæti í skólaráðinu og fyrirhugaður fundartími fyrsta fundar skólaráðs þetta skólaárið verði 13. nóvember kl. 12:30

6) Ýmis mál frá síðustu fundum stjórnar geymd fram að næsta fundi s.s. hvernig aðlögunin var í Selinu fyrir 1. bekk, um hversu mikil fjölgun verður í skólanum og hvernig skólanum gengur að takast á við hana, af hverju Varmárskóli fer ekki á Reyki og Laugar, hvernig fundargerðirnar okkar eru.

Ákveðið að næsti fundur yrði haldinn á áður boðuðum fundartíma með skólastjórnendum þann 5. desember kl. 08:15 – 09:15

Fundi slitið kl. 21:45.

Nálgun stjórnar foreldrafélagsins á samvinnu við skólann:

- Foreldrafélagið er stuðningur við skólann
 - o Styður við verkefni sem eru í gangi innan skólans
 - o Kemur með hugmyndir fyrir skólann
 - o Foreldrafélagið og skólinn virða ef annar hvor getur ekki tekið eitthvað verkefni að sér eða tekið þátt í einhverju verkefni
- Foreldrafélagið styrkir skólann í þeim verkefnum sem skólinn hefur áhuga á
 - o Kynningar/fyrirlestrar fyrir krakkana/eitthvað sem kæmi sér vel og er „auka“ fyrir skólastarfið
- Foreldrafélagið og skólinn þetta samstarfið milli skólans og stjórnar foreldrafélags og út í foreldrahópinn
- Foreldrafélagið og skólinn leggja upp með jákvæðni, gott samstarf og nána og skemmtilega samvinnu

Yfirlit yfir reglubundin verkefni foreldrafélagsins:

- Lokið: Þjóða 1. bekkinga velkomna í skólann með glaðningi og tölvupósti til foreldra 10. ágúst – 30. Ágúst
- Lokið: Senda haustkveðju til starfsmanna 10. ágúst – 10. Sept
- Virkja bekkjarfulltrúa og halda fyrri fund bekkjarfulltrúa í sept: 10. ágúst – 1. okt
- Jólalabingó 15. okt- 10. des
- Senda jólakveðju til starfsmanna 1. des – 20. Des
- Halda seinni bekkjarfulltrúafund vetrarins 1. Jan – 20. jan
- Öskudagur – 1. feb til 10. mars
- Senda greiðsluseðla til foreldra 1. feb -1. apríl
- Gefa skólanum sumargjöf fyrir nemendur 1. apríl – 1. maí
- Styrkja 10. bekk í útskriftarferðinni um eina máltíð í ferðinni 15. apríl – 30 maí
- Styrkja kynningu fyrir nemendur 6. bekkjar 15. apríl – 30. maí
- Aðalfundur: 15. apríl – 15. júní
- Halda stutta ræðu á útskrift 10. bekkja, skipuleggja vaktir foreldra 9. bekkja og koma upplýsingum til foreldra 10. bekkjar um glaðning frá bekkjunum til umsjónarkennara og starfsmanna 1. maí – 10. júní
- Senda sumarkveðju til starfsmanna 15. maí – 10. júní